

**150. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
6. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2004019 - Gangstéttar 2020

Tilboð voru opnuð í gangstéttar 2. apríl 2020.

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:

Bergpór ehf. kr. 24.912.500

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar kr. 24.363.300

Skóflan hf. kr. 18.986.000

Hellur og lagnir ehf. kr. 21.146.900

Hús og fasteignaviðhald ehf. kr. 19.995.670

GP vélar ehf. kr. 16.991.650

Kostnaðaráætlun kr. 21.847.000

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

2. 2004020 - Götuvíðhald 2020

Tilboð voru opnuð í götuvíðhald 2. apríl 2020.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Skóflan hf. kr. 46.686.000

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf. kr. 70.628.000

Þróttur ehf. kr. 62.087.500

Kostnaðaráætlun kr. 59.850.000

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

3. 2004027 - Viðhald fasteigna

Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og Jón Ólafsson verkefnastjóri fóru yfir fyrirhuguð viðhaldsverkefni stofnanna Akraneskaupstaðar á árinu 2020.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar þeim kynninguna og felur þeim að vinna málið áfram.

4. 1910179 - Fjöliðjan

Skipulags- og umhverfisráð beinir því til bæjarráðs að stofnaður verði vinnuhópur um viðhald og stækkun húss Fjöliðjunnar við Dalbraut 10.

5. 2004030 - Deiliskipulag Sementsreits - breyting

Við hönnun á endurgerð Faxabrautar liggur fyrir að hækka þarf núverandi götu um allt að 2 metra. Með þessari hækkun, er gengið lengra en í núverandi deiliskipulagi til að mæta hækkandi sjávarstöðu varðandi byggð innan við götuna. Með breytingunni færast göngustígur úr grjótvörn og til hliðar við götu.

Skipulags- og umhverfisráð liggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt með vísan til 3. mgr. 43. gr, Skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2004026 - Faxabraut Akranesvegur 509 - framkvæmdaleyfi

Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Faxabraut (Akranesveg509).

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir að endurgera 800m kafla Faxabrautar. Framkvæmdin felur í sér gerð grjótvörnar meðfram Faxabraut, endurbyggingu á núverandi vegi og lagnavinnu.

7. 1912062 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020-2023

Samstarf Akraneskaupstaðar við húsnæðissjálfséignarstofnanirnar Bjarg og Leigufélag aldraðra um uppbyggingu húsnæðis á Akranesi með stofnframlagi Akraneskaupstaðar.

Um er að ræða uppbyggingu á:

1. Asparskógum nr. 11 og nr. 17 - í samstarfi við Bjarg íbúðafélag hses.
2. Dalbraut nr. 6 - í samstarfi við Leigufélag aldraðra hses.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins vegna þessara verkefna og gerir ekki athugasemdir við úthlutun lóðanna við Asparskóga nr. 11 og nr. 17 og við Dalbraut nr. 6 og vísar málinu til bæjarráðs. Samþykki ráðsins er bundið skilyrði um stofnframlagsúthlutun frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

8. 2003175 - Jörundarholt 224 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um viðbyggingu við húsið, þ.e. lengja húsið um 1,0 m til austurs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir eigendum við Garðavöll 1, Jörundarholt 222 og 226.

9. 2003197 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áf - Asparskógar 6

Umsókn um breytingu á byggingarmagni á lóð nr. 6 við Asparskóga. Breytingin felur í sér að lækka húsið úr þremur hæðum í tvær, fækka íbúðum úr þrettán í 8. Stækka byggingarreit þ.e. breikka hann úr 11,0 m í 12,5 m. Fækka bílastæðum sbr. fækkun íbúða.

Fyrir liggur álit skipulagshöfundar um erindið. Sviðsstjóra er falið að ræða erindið frekar við umsækjanda á grunni þess svars sem liggur fyrir frá skipulagshöfundi.

10. 1904131 - Flóahverfi - uppbygging

Til að örva frekari uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Flóahverfi leggur skipulags- og umhverfisráð til við bæjarráð að skoðað verði með ívilnanir á gatnagerðargjöldum í formi greiðslufrests.

11. 1903262 - Fyrirspurn lóð undir N1 (Þjóðbraut 9, Þjóðbraut 11 og Dalbraut 14)

Sigurður Páll Harðarson sviðstjóri fór yfir stöðu málsins.

12. 2003114 - Baugalundur 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Ósk lóðarhafa um að færa bindandi byggingarlínu fjær götu um 1,3 m. Einnig er óskað eftir að færa bílastæði.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna skipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Baugalund 2, 6 og Blómalund 1 og 3, þegar viðeigandi gögn hafa borist.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.